

## Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 9. apríl 2025 kl. 14:00

Tólfni ársfundur Nýheima þekkingarseturs (Nþ) haldinn í Nýheimum miðvikudaginn 9. Apríl 2025 kl. 14:00

Hugrún Harpa forstöðumaður bauð fundargesti velkomna og bar upp tillögu um að Lilja Jóhannesdóttir stýrði fundi og Hugrún Harpa ritaði fundargerð. Var það samþykkt.

Málefni fundarins:

### I. Opnun fundar

Lilja Jóhannesdóttir fundarstjóri setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

### II. Skýrsla Stjórnar

Lilja Jóhannesdóttir formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar. Kemur þar fram að starf stjórnar var með aðeins öðru sniði en verið hefur undanfarin ár. Stjórnarfundum var fækkað en þess í stað lögð ríkari áhersla á reglulega fundi í samstarfshópum stoða setursins. Stjórn vann á árinu að endurnýjun stefnumörkunar setursins og í þeirri vinnu gafst tækifæri til að rýna áherslur, markmið og hlutverk setursins út frá hagsmunum Suðausturlands. Í stefnumörkun er áhersla á að styðja við menntun íbúa, hvatningu og stuðning við frumkvöðla- og nýsköpunarstarf og eflingu rannsókna á Suðausturlandi. Einnig kemur þar fram áhersla á að setrið vinni í þágu samfélags- og byggðaþróunar á Suðausturlandi. Setrið leggur sérstaka áherslu á félagslega virkni íbúa, fræðslu og valdeflingu samfélagsins. Stefnumörkun hefur sama gildistíma og nýr samningur setursins við háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið eða 2025-2027.

Fram kom í máli formanns að starfsemi setursins hefur verið til mikillar fyrirmynnar og þakkaði hún, fyrir hönd stjórnar, starfsfólk setursins fyrir ánægjuleg samskipti og vel unnin störf.

### Starf setursins árið 2024

Hugrún Harpa forstöðumaður setursins sagði frá starfsemi setursins á árinu, helstu verkefnum og viðfangsefnum. Breytingar urðu á starfsmannahópi setursins á árinu þegar Nejra Mesetovic tók til starfa um mitt ár og svo aftur undir lok árs þegar Kristín Vala sagði starfi sínu lausu eftir átta ára starf.

Vinna að innra starfi setursins var umfangsmeiri en stundum áður þar sem unnið var að stefnumörkun sem og nýjum samningi við ráðuneyti. Einnig var lokið við gerð stefnuskjala setursins sem innihalda gæðastefnu, persónuverndarstefnu og mannauðsstefnu. Hugrún sagði hún frá vinnu samstarfshópa um stoðir setursins, menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Greindi hún frá helstu viðfangsefnum í innlendum samstarfsverkum setursins en HeimaHöfn var þar hvað umfangsmest á árinu. Setrið sinnti áfram hlutverki Byggðarþróunarfulltrúa SASS sem fóli í sér ýmis viðfangsefni. Undir lok árs var svo skrifað undir nýjan samstarfssamning við Sveitarfélagið Hornafjörð sem felur í sér áframhaldandi samstarf um HeimaHöfn og Hornafjörð náttúrulega. Auk þess felur samningurinn í sér nýtt hlutverk byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins en Nejra gegnir því hlutverki. Að lokum sagði Hugrún frá nýju norrænu samstarfi setursins við aðila í Nordfjord í Noregi og Söderhamn í Svíþjóð.

### III. Ársreikningur 2024

Hugrún Harpa fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Rekstur setursins á árinu var í góðu jafnvægi en afkoma var neikvæð um aðeins 500 þús. kr. samvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok tæpri 21,5 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur á fundi stjórnar í mars og hafa stjórnarmenn undirritað hann með rafrænum hætti.

### IV. Breytingar á embættum stjórnar

Á ársfundi 2023 var skipað í embætti til tveggja ára og er því komið að skipun í embætti að nýju. Fundarstjóri bar upp tillögu um fulltrúa í embætti, tillagan var samþykkt samhljóða.

#### Tillaga um skipan embætta 25-27:

Formaður: Lilja Jóhannesdóttir

Varaformaður: Ingunn Jónsdóttir

Gjaldkeri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Kristín Vala Þrástardóttir

### V. Önnur mál

Engin önnur mál.

#### Eftir fundinn var haldið erindi:

Eyrún Fríða Árnadóttir verkefnastjóri Nýheima þekkingarseters sagði frá framvindu verkefnisins HeimaHöfn.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 15:00

Lilja Jóhannesdóttir  
Hugrún Reynis